



Sterkur vinnumarkaður síðustu ára á miklu undanhaldi

Starfandi fólki á vinnumarkaði fækkar milli ára

Samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofunnar er áætlað að um 195.000 manns hafi verið á vinnumarkaði í apríl, sem jafngildir 75,8% atvinnuþátttöku. Af þeim voru um 181 þús. starfandi og um 13.700 atvinnulausir. Starfandi fólki fækkaði um 22.300 milli aprílmánaða 2019 og 2020, og atvinnulausum fjölgaði um 5.100 milli ára. Hlutfall starfandi var 70,5% í apríl og hafði lækkað um 8,8 prósentustig frá apríl 2019.

Hagstofan birtir tölur úr vinnumarkaðsrannsókn sinni aftur til ársins 2003. Bæði atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi hefur ekki verið lægra en nú á öllu því tímabili.




Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal hafði fjöldi starfandi ekki breyst mikið allt síðastliðið ár eftir nær stöðuga fjölgun í nokkur ár. Mikil fækkun starfandi í apríl hefur hins vegar töluverð áhrif á meðaltal síðustu 12 mánaða.

Atvinnuþátttaka ekki verið lægri í manna minnum

Eins og áður segir hefur atvinnuþátttaka ekki verið lægri a.m.k. frá árinu 2003, en hún var 75,8% nú í apríl. Sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal fór atvinnuþátttaka hæst um mitt ár 2017, en þá fór hún upp í tæp 84%. Samsvarandi tala nú er 80% og hefur farið stöðugt lækkandi frá 2017.

Erfitt að mæla atvinnuleysi á umbrotatímum

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun voru um 13.700 atvinnulausir í maí, sem samsvarar 7% atvinnuleysi. Samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar voru um 16.400 skráðir atvinnulausir í almenna bótakerfinu í lok apríl (án skerts starfshlutfalls), sem samsvarar 7,5% atvinnuleysi. Munurinn á þessum mælingum er mun minni en var í síðasta mánuði, en í [nýlegri Hagsjá](#) var fjallað ítarlega um muninn á tölum Hagstofunnar og Vinnumálastofnunar og um





erfiðleikana fóligna í því að mæla snöggar breytingar með vinnumarkaðskönnun.

Hlutabótakerfið sem komið var á í upphafi veirufaraldursins gerir mælingar á atvinnuleysi erfiðari en ella, en það mun renna sitt skeið í lok ágúst.

Vinnuaflsnotkun minnkar mikið

Eins og áður segir hefur starfandi fólki fækkað töluvert á undanförunum mánuðum. Þá hefur vinnutími líka styst, sem þýðir að fjöldi unninna stunda eða vinnuaflsnotkun hefur farið minnkandi.

Sé vinnuaflsnotkun nú borin saman við stöðuna fyrir ári kemur í ljós að breytingin í mars og apríl er veruleg miðað við síðustu ár. Vinnuaflsnotkun var almennt að aukast allt fram á þetta ár. Í mars minnkaði vinnuaflsnotkun um 4%, bæði vegna fækkunar starfandi fólks og styttri vinnutíma. Í apríl dróst vinnuaflsnotkunin hins vegar saman um rúm 13%, aðallega vegna fækkunar starfandi fólks, en vinnutími styttist einnig á milli ára.

Þetta eru tölur sem ekki hafa sést síðan á árunum 2008-2009. Hér er reyndar um samanburð milli einstakra mánaða að ræða, en samanburður á milli ársfjórðunga dregur úr sveiflum milli einstakra mánaða. Á milli 1. ársfjórðunga 2019 og 2020 minnkaði vinnuaflsnotkunin um 1,5%.

Kastljósið á vinnumarkaðnum


Einu sinni enn er vinnumarkaðurinn í kastljósi varðandi þróun efnahagslífsins. Höggið á vinnumarkaðinn var mjög þungt í þetta skipti og skiptir miklu hvernig tekst að vinna úr núverandi stöðu.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.


Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.

Mánaðarlegar mælingar á atvinnuleysi - án hlutabóta



Heimild: Hagstofa Íslands, Vinnuálastofnun, Hagfræðideild Landsb.

Atvinna og vinnutími - apríl 2020



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild